

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2018

Efni: Athugasemdir við Frumvarp til laga um breytingu á lyfialögum og lögum um landlækni og lýðheilsu (lyfjaávisanir hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra) bingskjal 288 – 266. mál.

Athugasemd við 2. gr. frumvarpsins, tl. 11 „skilyrði fyrir leyfi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra skv. 3. mgr. 11. gr. til ávísunar lyfja, m.a. um viðbótarnám“.

Í skýringum með frumvarpinu segir svo um 2. gr.: „Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um lyf eða lyfjaflokka sem ávisanaleyfi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra nær til. Þá er það gert að skilyrði fyrir leyfi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra til ávísunar hormónatengdra getnaðarvarnalyfja að þau sæki viðbótarnám þess efnis. Ástæða þess er sú að eins og nám í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfraði er skipulagt í dag er ekki talin vera fyrir hendi nægileg menntun í lyfhrifafræði sem er nauðsynleg til að þekkja áhrif fyrrnefndra lyfja.“

Ekki verður annað séð að aðgengi að getnaðarvörnum á Íslandi sé með ágætum auk þess sem langtímagetnaðarvörn með hormónalykkju er orðin talsvert algeng. Allir heimilislæknar á Íslandi auk kvensjúkdómalækna bjóða upp á kynheilbrigðisþjónustu fyrir konur og skrifa út getnaðarvarnir. Nú kann löggjafinn að hafa uppi það sjónarmið að fjölga beri þeim stéttum sem hafa leyfi til að gefa út lyfseðla burtséð frá því hvort nægilegt aðgengi sé eða ekki að þeim sem fyrir hafa það leyfi. Þá er afar mikilvægt að ekki sé slakað á í kröfum um faglega þekkingu og færni. Eins og þetta er orðað í skýringunum er allsendis óvíst að svo verði, engin frekari útlistun er á því hvað felist í því viðbótarnami sem nefnt er í skýringunum.

Helstu öryggisþættir sem lúta að gæðum lyfjaávisana eru:

- Öflun upplýsinga. Sá sem ávisar lyfjum þarf að hafa þekkingu og reynslu til að afla þeirra upplýsinga um sjúklinginn sem máli skipta, svo sem sjúkdómasögu, þ.á.m. um þau sjúkdómseinkenni sem eru til staðar þegar á þeim tíma sem ávísar á lyfjunum, hvaða lyfjum sjúklingur er á og hvaða lyfjum hann hefur verið á nýlega sem og breytinga á lyfjum, ofnæmi, aukaverkanir og milliverkanir sem sjúklingur hefur orðið fyrir sem og fyrirliggjandi sjúkdómsgreiningar.
- Klínísk ákvörðun. Sá sem ávisar lyfjum þarf að vera fær um að taka skynsamlega klínísk ákvörðun. Í því felst að sjúkdómsgreina eða endurmeta sjúkdómsgreiningu, nota lyfjafræðilega þekkingu til að velja rétt lyf ásamt því að ákveða réttan skammt fyrir viðkomandi sjúkling. Þá þarf sá sem ávisar lyfjum einnig að geta metið hvort láta eigi vera að ávísar lyfjum og velja annars konar meðferð. Þá þarf viðkomandi að geta unnið þannig með sjúklingi að niðurstaðan verði sameiginleg ákvörðun sem skili klínískum ávinningi.
- Tjáskipti. Sá sem ávisar lyfjum þarf að geta miðlað upplýsingum um lyfjaávisunina á öruggan og árangursríkan hátt bæði til sjúklingsins sjálfs og til annarra heilbrigðisstarfsmanna sem málið varðar. Lyfjaávisunin þarf að vera læsileg, laus við vafaatriði og þannig frá henni gengið

að lyfjafræðingur sem afgreiðir hana velkist ekki í vafa um hvað við sé átt, né heldur hjúkrunarfræðingur sé lyfið gefið á sjúkrahúsi eða annars konar heilbrigðisstofnun. Samskiptafærni er mikilvæg og bæði sjúklingur og hver sá sem hann annast þurfa að hafa fengið næga vitneskju um ástæður fyrir lyfjaávisuninni, hvernig taka eigi lyfið og hversu lengi sé gert ráð fyrir að það sé tekið.


- Eftirfylgni og endurskoðun. Sá sem ávísar lyfjum þarf að geta metið árangur meðferðarinnar sem og aukaverkanir sem upp kunna að koma, og koma að breytingum á skömmtum eða breytingum á meðferðinni sjálfri ef þess gerist þörf.

Líta ber til reynslu nágrannaþjóða, t.a.m. Breta sem hafa gert mjög ákveðnar menntunarkröfur í þessu sambandi til allra heilbrigðisstétta sem fengið hafa leyfi til að ávísa lyfjum. Skilgreina þarf umfang náms, t.a.m. í einingum á háskólastigi svo að ekki verði slakað á eðlilegum kröfum um þekkingu og færni. Þá má vísa til leiðbeininga Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar: Guide to Good Prescribing – A practical manual (WHO/DAP/94.11).

F.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins



Óskar Reykdalsson
Framkvæmdastjóri lækninga



Kristján Linnet
Lyfjafræðingur